

**Ársskýrsla  
2012**

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings þann 14. maí árið 2000 á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna, kostun námskeiðahalds og námsefnisgerðar og jafnframt að styrkja fyrirtæki til starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,20% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu iðgjaldi að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Aðsetur sjóðsins er hjá VR

Heimasíða sjóðsins er [www.stafsment.is](http://www.stafsment.is)

### **Stjórn sjóðsins og starfsmenn**

Stjórnin hélt 8 stjórnarfundir á árinu og einn samráðsfund með Starfsafli og Landsmennt.

Stjórn sjóðsins er skipuð sex aðilum til eins árs í senn.

Fyrir hönd SA sátu í stjórn Lísbet Einarsdóttir, SVP, Ragnheiður B.

Guðmundsdóttir, Olís, Júlíus S. Kristjánsson, Hýsingu sem lét af störfum í september og Arndís Björnsdóttir, Hagkaup sem tók sæti hans í stjórn.

Varamenn voru Hannes G. Sigurðsson, SA og Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP.

Fyrir hönd VR/LÍV sátu í stjórn Teitur Lárusson, VR, Stefanía Magnúsdóttir, VR og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA. Varamaður var Margrét Ingþórsdóttir, Vmf. Suðurlands.

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn. Teitur Lárusson tók við formennsku af Andrés Magnússyni á stjórnarfundir í mars 2011.

Starfsmenn sjóðsins eru Ástríður S. Valbjörnsdóttir og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir frá desember.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Björg Sigurðardóttir frá Deloitte en umsjón með bókun reikninga og greiðslu launa er hjá VR samkvæmt samningi við sjóðinn.

## Yfirlit starfsemi sjóðsins á tímabilinu

### Styrkir til félagsmanna

Fjöldi styrkja til félagsmana hafa haldist svo til óbreyttur á síðustu árum. Samtals voru veittir 6.582 styrkir á árinu og var fækkun um 156 styrki. Styrkumsóknir til VR voru 5.846 en 736 til annarra aðildarféлага sjóðsins. Hlutfall styrkja vegna starfstengds náms var 78% en 19% vegna tómsundanáms, sem hefur haldist svo til óbreytt á milli ára frá stofnun sjóðsins. Umsóknum um styrki vegna náms erlendis fækkað lítillega en fleiri virðast nýta sér ferðastyrk. Ferðastyrkjum fjölgaði um 30% og voru samtals 77, þar af um helmingur vegna náms erlendis.

Upphæð greiddra styrkja úr sjóðnum hækkaði um 11% milli ára í kr. 180 milljónir. Iðgjöld atvinnurekenda og mótframlag stéttarfélaganna hækkuðu um 9% milli ára í kr. 282 milljónir.

Félagsmönnum hefur fjölgað um rúmlega 3.000 manns og greiddir styrkir hækkað um 17. milljónir en fjöldi styrkja hefur staðið í stað. Álykta má að félagsmenn séu að sækja dýrara nám og skólagjöld hafi hækkað. Má geta þess að skólagjald í HÍ hækkuðu um 33% á árinu. Þegar skoðaður er fjöldi umsókna hvers aðildarfélags kemur í ljós að mikill munur er í ásókn úr sjóðnum eftir félögum en fjöldi félagsmanna sem nýta sér sjóðinn er á bilinu 6 - 21%. Stefnt er að því að fara í átak á næsta ári til að kynna félagsmönnum réttindi sín og hvetja þá til náms.

Skerpt var á reglum sjóðsins um að réttindi geti ekki myndast nema af þeim félagsmönnum sem greitt er af til sjóðsins.

### Styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana

Alls voru veittir 62 styrkir til fyrirtækja en fjöldi styrkloforða var 85, sem var svipaður fjöldi og árið áður. Af veittum styrkjum voru 8 vegna verkefnisins Fræðslustjóri að láni. Heildarupphæð greiddra styrkja var um kr. 4,5 milljónir. Styrkir til fyrirtækja miðast við nýjar viðmiðunarreglur sjóðsins sem tóku í gildi í janúar. Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru níu á árinu og fækkaði um tvö á milli ára. Stjórn úrskurðar um hæfni fyrirtækja til lækkunar iðgjalds.

Afgreiðsla styrkumsókna fyrirtækja var í höndum stjórnar fram á haust en eftir það var hún í höndum starfsmanns sjóðsins. Öll álitamál eru borin undir stjórn.

Samþykkt var í janúar að styrkir til fyrirtækja næmu að hámarki 50% af greiddum iðgjöldum sl. 36 mánuði. Lögð var áhersla á að útbúið yrði vinnuvænt kerfi sem heldi utan um styrkina. Jafnframt að útbúnar væru verklagsreglur. Kynna þarf betur réttindi fyrirtækja til styrkja úr sjóðnum en einn kynningarfundur var haldin í samvinnu við SVP á árinu.

## Fræðslustjóri að láni

Umsóknir fyrirtækja um Fræðslustjóra að láni voru teknar fyrir og samþykktar í stjórn en færast yfir á starfsmann sjóðsins eftir áramót. Rætt var um að meta árangur verkefnisins á næsta ári en bætt hefur verið við samninginn ákvæði um eftirfylgni. Öll álitamál eru borin undir stjórn.

	2009	2010	2011	2012
Fjöldi verkefna	4	10	8	8

Á árinu fengu 8 fyrirtæki til sín fræðslustjóra að láni. Það voru fyrirtækin Öryggismiðstöðin, Kex Hostel, Nordic Visitor, ISS, Sólheimar, Skemmtigarðurinn – Meira fjör, Bílalíf og Olíudreifing.

Verkefnið byggist á því að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins. Má þar nefna námsleiðir samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins – þar sem það á við.

Fræðslustjóri að láni er árangursmiðað verkfæri sem miðar að því að samhæfa og nýta lausnir sem þegar eru til, ýmist innan fyrirtækjanna og/eða hjá símenntunarstöðvum eða öðrum fræðsluaðilum. Það er mikið til af góðum náms- og þjálfunarúrræðum á vinnumarkaðnum en mörg þeirra eru lítið notuð meðal smærri fyrirtækja, hugsanlega vegna skorts á kynningu. Mörg fyrirtæki, einkum þau stærri, eru með fjölbreyttar þjálfunaráætlanir fyrir sitt starfsfólk. Vandinn er fá yfirsýn yfir fræðsluna og koma henni í farveg sem gagnast bæði fyrirtækinu og starfsmönnum. Þar er þörf fyrir fræðslustjóra í afmörkuð, skilgreind verkefni. Samstarfsaðilar Starfsmenntajóðs verslunar- og skrifstofufólks í þessu verkefni eru Starfsafl og Landsmennt.

## Drög að nýjum starfsreglum og reglugerð

Áfram var unnið að drögum að nýjum starfsreglum og reglugerð sjóðsins. Gerð var tryggingafræðileg úttekt í maí af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi, á fjárhagslegum skuldbindingum sjóðsins. Áætla má að styrkhlutfall verði 90% í stað 65% sem er jákvætt fyrir félagsmenn. Lagt var til að sólarlagsákvæði um fyrningu eldri reglna verði tvö ár. Drögin voru send til SA og aðildarféлага LÍV til umsagnar á vormánuðum en í lok ársins höfðu ekki borist umsagnir frá öllum aðilum.

## Sameiginlegur gagnagrunnur

Áframhald var á vinnu við að útfæra möguleikann á sameiginlegum gagnagrunni fyrir sjóðinn sem tengdur væri núverandi gagnagrunni VR og væri mikil hagræðing bæði fyrir starfsmenn og aðildarfélög sjóðsins.

## **Námstorg.is**

Vinna samkvæmt samningi við Skólavefinn vegna hins nýja vefs námstorg.is gekk mun hægar en áætlað var og var ekki í takti við væntingar. Kynning á vefnum var haldin á örfundi á Þingi ASI í október en ákveðið var að óska eftir því í framhaldinu að vefurinn yrði prufukeyrður í samvinnu við Mími með aðilum úr atvinnulífínu. Ákvörðun var tekin um að biða með opnun vefsins fram á næsta ár.

## **Fagrað verslunar- og þjónustugreina**

Samkomulag var um að segja upp samstarfssamningi milli SVS, Fagraðs verslunar- og þjónustugreina og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá 1. september og leggja ráðið niður. Björn Garðarsson starfsmaður ráðsins hætti störfum frá sama tíma og var honum þakkað gott samstarf þau sjö ár sem hann starfaði fyrir ráðið.

## **Vinnufundur um framtíðarsýn til næstu ára**

Samþykkt var að halda vinnufund um mótun heildarmyndar fagmenntunar fyrir verslunarfólk með framtíðarsýn til næstu 5 ára. Ekki tókst að halda hann á árinu en fundur var áætlaður á næsta ári.

## **Vinnufundur með samstarfssjóðum**

Haldinn var vinnufundur með stjórn og forsvarsmönnum Starfsafls og Landsmenntar um hugsanlega og samræmingu tómskundastyrkja milli sjóða, greiðslukvittanir, fyrirtækjastyrki, reglugerðir sjóðanna og samvinnuverkefnið fræðslustjóra að láni.

## **Rafrænt farnám**

Fylgt var úr hlaði tilraunakennslu um rafrænt farnám í ensku í samstarfi við SAF, VR, SVÞ, Starfsafli, Eflingu og Landsmennt. Vel tókst til en óvíst er um framhaldið. Áætlað er að fræðsluaðilar á almennum markaði geti nýtt sér niðurstöðuna og þróað verkefnið áfram.

## **Nýtt merki SVS**

Samþykkt var nýtt merki sjóðsins en það var hannað af auglýsingastofunni Ennemm.